



21. febrúar 2022

Til: Borgarráðs - borgarradsgogn@reykjavik.is**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.**Efni:** Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðhaldskröfu á stjórnendum SORPU bs. – MSS22010224

Á fundi borgarráðs þann 20. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í byrjun árs 2022 er boðuð 31% hækkun á gjaldskrá SORPU. Það er viðbót við ársgamla hækkun upp á um 24%. Ýmsar ástæður liggja sjálfsagt á bak við slíka ákvörðun og er það ekki efni fyrirspurnar. Í ljósi svo mikilla hækkana er spurt hvort að jafnframt hafi verið sett fram aðhaldskrafa á stjórnendum SORPU. Slíkt er ekki að sjá ef að fréttir um SORPU eru réttar. Þar er talað um að ráðnir hafi verið inn 3 nýir sérfræðingar hjá SORPU, sérfræðingur í fræðslu og miðlun, verkefnisstjóri hringrásarhagkerfis og verkefnisstjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir því að lögð verði fram skýrsla sem útskýrir hvers vegna þörf er á þessum stöðugildum, sérstaklega þegar haft er í huga að fyrir eru hjá fyrirtækinu samskipta- og þróunarstjóri, sérfræðingur í öryggis- og gæðamálum, sérfræðingur í sjálfbærni og innkaupa- og verkefnisstjóri auk mannauðsstjóra. Einnig er spurt: Hefur stjórnarformaður SORPU og stjórn kynnt sér hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum stórum úrgangsméðhöndlurum og hvort þessi verkefni séu eins mannfrek þar?

Fyrirspurnin barst SORPU þann 24. janúar með tölvupósti.

Svar SORPU bs.

a) Í byrjun árs 2022 er boðuð 31% hækkun á gjaldskrá SORPU. Það er viðbót við ársgamla hækkun upp á um 24%. Ýmsar ástæður liggja sjálfsagt á bak við slíka ákvörðun og er það ekki efni fyrirspurnar. Í ljósi svo mikilla hækkana er spurt hvort að jafnframt hafi verið sett fram aðhaldskrafa á stjórnendum SORPU.

Svar SORPU: SORPA er í umfangsmiklu umbreytingarferli frá því að hafa það að aðalstarfsemi að flokka endurvinnsluefni og urða annan úrgang yfir í að vera leiðandi á sviði úrgangsméðhöndlunar með innleiðingu hringrásarhagkerfisins, forgangsroðun úrgangsprihyrningsins, árangur í loftslagsmálum, umhverfismálum og sjálfbærni að leiðarljósi. Stjórnendum SORPU eru undir mikilli og viðvarandi kröfu um aðhald í rekstri. Rekstrar- og fjárfestingaráætlanir SORPU eru rýndar af stjórnendum og sérfræðingum samlagsins með það að markmiði að lágmarka kostnað og fjárfestingar en á sama tíma hámarka þann árangur sem næst við að ná ofangreindum markmiðum SORPU.

b) Þar er talað um að ráðnir hafi verið inn 3 nýir sérfræðingar hjá SORPU, sérfræðingur í fræðslu og miðlun, verkefnisstjóri hringrásarhagkerfis og verkefnisstjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir því að lögð verði fram skýrsla sem útskýrir hvers vegna þörf er á þessum stöðugildum, sérstaklega þegar haft er í huga að fyrir eru hjá fyrirtækinu samskipta- og þróunarstjóri, sérfræðingur í öryggis- og gæðamálum, sérfræðingur í sjálfbærni og innkaupa- og verkefnisstjóri auk mannauðsstjóra.



Svar SORPU: SORPU eru falin umfangsmikil og viðamikil verkefni á sviði úrgangsmála. Meðal þeirra umfangs- og viðamestu verkefna um þessar mundir eru innleiðing hringrásarhagkerfisins á höfuðborgarsvæðinu, úrgangsfornir, aukin endurnot, endurvinnsla og endurnýting, samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs, móttaka, flokkun og vinnsla úrgangs, samræming og sérsöfnun úrgangsflokkunar við heimili og mörg fleiri. Meðhöndlun úrgangs er í mikilli þróun um þessar mundir og því mikilvægt að SORPA aðlagi sig að þeim síbreytilega raunveruleika sem er uppi í úrgangsmálum. Af þessum ástæðum hefur undanfarið misseri verið ráðið í stöður sem skipta sköpum við að ná þeim árangri sem krafist er af SORPU. Þau verkefni sem SORPU eru falin og eru í dæmaskyni talin upp hér að ofan eru mörg hver þess eðlis að meiri árangur SORPU við úrlausn þeirra felur í sér minni kostnað og dregur þannig úr kostnaði SORPU og íbúa höfuðborgarsvæðisins við meðhöndlun úrgangs. Úrgangsfornir, sem fela í sér minni sóun og minni móttöku úrgangs hjá SORPU draga úr kostnaði notenda SORPU. Samræming og sérsöfnun á úrgangi svara ákalli íbúa höfuðborgarsvæðisins, einfaldar vinnslu endurvinnsluefna, stuðlar að aukinni ánægju íbúa, mætir kröfum nýlegrar lagabreytinga á sviði meðhöndlunar úrgangs og stuðlar að hreinum efnisstraumum til meðhöndlunar í GAJU. Aukin endurnot skila sér í minni kostnaði við meðhöndlun úrgangs. Sömu sögu er að segja af endurvinnslu og endurnýtingu. Árangur á þessum sviðum verður hins vegar ekki til úr engu og þessi krefjast vinnu, sem til lengri tíma skilar betri niðurstöðu fyrir umhverfið og dregur úr öðrum kostnaði SORPU við meðhöndlun úrgangs.

c) Hefur stjórnarformaður SORPU og stjórn kynnt sér hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum stórum úrgangsméðhöndlurum og hvort þessi verkefni séu eins mannfrek þar?

Svar SORPU: SORPA er opinbert byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og sinnir lögbundnum verkefnum á sviði úrgangsméðhöndlunar, ekki einkaaðili sem er fyrst og fremst rekinn í hagnaðarskyni. Leiðarljós SORPU er fyrst og síðast úrgangspríhyrningurinn, sem leggur áherslu á úrgangsfornir og að draga úr magni úrgangs, endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu – auk innleiðingar hringrásarhagkerfisins, umfangsmikið hlutverk á sviði fræðslu til almennings og annarra samfélagslegra verkefna þar sem áhersla er fyrst og fremst lögð á umhverfið auk þess að tryggja sem hagkvæmasta og ódýrasta meðhöndlun úrgangs. SORPA uppfyllir þar að auki lagaskyldu sem lögð er á sveitarfélögin að tryggja skilgreindum úrgangsflokkum farveg, óháð því hvort meðhöndlun þeirra sé arðbær eður eig. SORPA hefur ekki upplýsingar um hvort aðrir aðilar á sviði úrgangsméðhöndlunar hafi þessi samfélagslega nauðsynlegu verkefni á sinni könnu og hvort eða hvernig þeim sé sinnt af þessum aðilum.

SORPA sækir fyrirmynd sína til sambærilegra fyrirtækja á norðurlöndum sem fara með skyldur sveitafélaga í úrgangsmálum. Einnig má draga fram að sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu ákváðu að standa sameiginlega að úrgangsméðhöndlun á höfuðborgarsvæðinu og tryggja að úrgangi sé fargað eða rati í endurnot, endurvinnslu eða endurnýtingu. Töluverð hagræðing felst í því að hafa eitt byggðasamlag sem samnýtir sérfræðipækkingu og innviði til að ná niður kostnaði. Ef ekki væri fyrir SORPU þá myndi hvert sveitafélag þurfa að ráða til sín sérfræðinga og byggja upp innviði. Það má draga fram þá staðreynd að úrgangsméðhöndlunin sjálf sem SORPA stendur fyrir er eingöngu um 1/3 af sorphirðugjöldum sem heimili greiða. Restin er sorphirðan sjálf og eru ýmis tækifæri þar til að samstillta og hagræða, sérstaklega nú þegar samræming sorphirðu kemst á laggirnar.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Frankvæmdastjóri SORPU bs.